



307. fundur Afrekssjóðs ÍSí

Miðvikudagur 3. janúar 2023 kl. 12.00

Mætt öll á Teams:

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Guðrún Inga Sívertsen (GS), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (SÁ), Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Knútur G. Hauksson (KH).
Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Brynja Guðjónsdóttir (BG) og Kristín Birna Ólafsdóttir (KÓ) starfsmenn afrekssviðs.

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSí kastaði áramótakveðju á stjórnina og yfirgaf fundinn.

1. Umsóknir vegna 2024.

Umræður fóru fram um mögulega einstaklingsstyrkþega. BG og KÓ kynntu stöðuna á væntanlegum tillögum vegna einstaklingsstyrkja. Þær hafa verið að kalla eftir og fá upplýsingar frá sérsamböndum um íþróttafólk sem eru mögulegir styrkþegar.

Rætt var að TKÍ hefði ekki sótt um styrk vegna einstaklinga en einn keppandi frá þeim á ennþá möguleika á að komast á ÓL í París 2024.

Ákveðið að BG og KÓ myndu leggja fyrir stjórn Afrekssjóðs á næsta fundi, tillögur afrekssviðs í samráði við Véstein Hafsteinsson afrekssstjóra ÍSí.

BG og KÓ véku af fundi kl. 12. 35.

Umræður fóru fram um styrkfjárhæðir til sérsambanda. Stefnt að klára umræður og taka ákvörðun um tillögur til framkvæmdastjórnar á næsta fundi.

GS og ÞE véku af fundi kl. 13.00.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13.10. Næsti fundur hefur verið ákveðinn 5. janúar kl. 12.